

**Nd.**

**905. Frumvarp til laga**

[267. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu því landi og aðstöðu, sem tilraunastöðin og þörungaverksmiðjan þurfa til starfsemi sinnar. Þarfnist ríki eða ríkisstofnanir lands eða byggingalóða úr landi ofangreindrar jarðar, skal því heimilt að kaupa það og þá við sama verði hlutfallslega og Reykhólahreppi var gert að greiða fyrir jörðina. Hreppsnefnd Reykhólahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni.

Um aðild hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.